

Reglur um losun jarð- og steinefna á landmótunarstað í Hamranesi í Hafnarfirði

Við losun efnis á landmótunarstaðnum skal hlýta tilmælum eftirlitsmanns og fylgja leiðbeiningum hans og á skiltum um hvar skal losa mismunandi gerðir efnis.

Úrgangsefni sem er **heimilt** að losa á staðnum

- Jarðefni:** Uppgrafinn ómengaður jarðvegur sem fjarlægja þarf af byggingarsvæðum eða vegna annarra framkvæmda s.s. grjót, möl, sand, mold og leir.
- Steinefni:** Steypubrot, múrbrot, hellur, rör og aðrar smærri framleiðslueiningar úr steinsteypu. Miða skal við að engin eining sé stærri en 1 m² eða um 0.5 m³. Járn skal skera af við stein. Losun á meira magni skal vera í samráði við starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðar.
- Malbiksbrot frá framkvæmdum. Miða skal við að engin eining sé stærri en 1 m² eða um 0.5 m³.
- Garðaúrgangur:** Túnþökur, trjágreinir, gras, matjurta- og blómaleifar í takmörkuðum mæli. Ekki er gert ráð fyrir losun á stórum greinum eða heilum trjám. Slíkum úrgangi skal komið til gámastöðva Sorpu eða Gámaþjónustunnar. Sama gildir um stærri farma af grasi, s.s. heybagga og rúllur og förmum af matjurta- og blómaleifum

Úrgangur sem **óheimilt** er að farga á staðnum

- Byggingarúrg:** Öll byggingarefni utan múr og steypubrota, þar á meðal óhörðnuð steypa eða steypuslam úr steypubílum eða öðrum tækjum sem flytja slík efni. Byggingarúrgangur sem fellur til við niðurrif á húsum eða brunarústum. Málmar, gler, flísar og postulín.
- Annar úrg:** Nýtt asfalt og malbik, heilir farmar og afgangar frá viðgerðum og framkvæmdum Allur annar úrgangur sem ekki hefur verið talinn upp hér að ofan s.s. sag og spænir frá trésmíðaverkstæðum, lífrænn úrgangur, s.s. dýraúrgangur, úr rotþróum, ferðasalernum og fitugildrum eða úr matvælavinnslu. Þennan úrgang skal losa á móttökustöð SORPU í Gufunesi eða á gámastöðvum SORPU eða Gámaþjónustunnar.

Reglur þessar gilda þar til annað verður ákveðið

Hafnarfjörður
apríl 2009.

Hafnarfjarðarbær
Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis

**Opnunartími: mán - fim frá 08-16,
föst frá 08-15
lokað um helgar.**